



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
Pósthólf 214
211 Garðabæ

Sími: +354 565 7373
Netfang: gkg@gkg.is
Vefang: www.gkg.is

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ, 28. september 2017

Efni: Lóðarleiga fyrir golfvelli GKG.

Sem kunnugt er liggur stærsti hluti svæðisins undir golfvelli GKG í landi Vífilsstaða, sem Garðabær hefur nýverið keypt af ríkinu. Frá upphafi greiddi GKG fyrir afnot af landinu, fyrst til Landspítalans eða starfsmannafélags hans og síðar Ríkiseigna. Leigan er að þeirri fjárhæð að hún var verulega íþyngjandi fyrir klúbbinn. Því var það klúbbnum fagnaðarefni að Garðabær eignaðist landið.

Fé sem fer til greiðslu lóðarleigu verður ekki varið í annað. Aðrir golfklúbbar, sem reknir eru sem íþróttafélög, greiða ekki leigu fyrir land sem fer undir starfsemi þeirra. Að við best vitum eru íþróttafélög almennt ekki krafín um leigu fyrir afnot af aðstöðu eða, í þeim tilvikum sem krafið er um leigu, eru samsvarandi styrkir veittir frá sveitarfélögunum sem leigja þeim aðstöðuna.

GKG sótti það fast undanfarin ár að fá lóðarleiguna niðurfellda. Fyrst hjá Landspítalanum og síðar hjá Ríkiseignum. Ekki var orðið við beiðninni með þeim rökum að það væri hlutverk sveitafélaga að útvega land undir íþróttastarfsemi, ekki ríkisins. Ekki er krafið um leigu fyrir þann hluta svæðis GKG sem liggur í Kópavogi.

Með vísan til þessa og þess ójafnræðis sem felst í að krefja GKG um leigu fyrir aðstöðu, sem önnur íþróttafélög þurfa ekki að greiða, er farið fram á að krafa um leigu verði felld niður til frambúðar.

GKG rekur umfangsmikið íþróttastarf og mikill kostnaður hlýst af viðhaldi golfvalla og æfingasvæðis. Margt mætti gera enn betur, en við höfum sýnt ábyrgð í rekstri, stundum á kostnað brýnna verkefna. Niðurfelling lóðarleigu myndi fela í sér verulegan búhnykk, félögum GKG og þar með Garðabæ til heilla.

Í trausti þess að þetta sanngjarna erindi hljóti jákvæða afgreiðslu, .

f.h. Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar